



Málstefna:

- Íslenska er skólamál Hjallatúns þar sem leikur og starf fer fram á íslensku.
- Markmiðið er að öll börn hafi náð góðri færni í íslensku í lok leikskólagöngu.
- Áhersla er á að börnin heyri vandaða, góða og fjölbreytta íslensku í daglegu leikskólastarfi.
- Bæði starfsfólk og börn skulu ávallt nota skólamálið í leikskólanum nema nauðsyn beri til annars.
- Virðing er borin fyrir öllum tungumálum, börnum er ekki bannað að tala sitt móðurmál en alltaf minnt á að í leikskólanum tölum við skólamálið.
- Unnið er að virku fjöltyngi þar sem áhersla er á að börn nái góðri færni í íslensku en eru jafnframt hvött til að þróa sitt eigið móðumál.
- Allt starfsfólk hefur til taks sjónrænar leiðbeiningar á athöfnum daglegs leikskólastarfs svo og sjónrænar leiðbeiningar með hlutum og efniviði nánasta umhverfis og nýtir það ef barn á erfitt með að skilja.
- Áhersla er á gott samtal og samstarf við foreldra.